



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDUKIRREGI

## Erindisbréf tómstunda-, íþrótt- og menningarnefndar Strandabyggðar

### Stjórnskipuleg staða

Nefndin heyrir undir sveitarstjórn Strandabyggðar.

### Skipan nefndarinnar

Í Tómstunda-, íþrótt- og menningarnefnd eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og Samþykktum um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar. Formaður nefndarinnar er jafnframt sveitarstjórnarfulltrúi. Á sama hátt eru kjörnir fulltrúar til vara. Ungmennaráð á kjörna áheyrnarfulltrúa sem sitja nefndarfundi. Auk kjörinna fulltrúa á sveitarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með tillögurétt og málfrelsi. Tómstundafulltrúi fundar með nefndinni.

### Hlutverk nefndarinnar

Hlutverk nefndarinnar er:

- að vera sveitarstjórn til ráðgjafa í tómstunda-, íþrótt- og menningarmálum.
- að gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið í tómstunda-, íþrótt- og menningarmálum sveitarfélagsins.
- að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þessum málaflokkum nái fram að ganga.
- að annast samskipti við félagasamtök sem undir starfssvið nefndarinnar heyra, í samráði við sveitarstjórn og/eða sveitarstjóra.
- að vinna að eflingu tómstunda-, íþrótt- og menningarstarfs í Strandabyggð og hafa jafnan fyrirbyggjandi sem gleggstar upplýsingar um tómstunda-, íþrótt- og menningarmál í héraði og nauðsyn nýrra framkvæmda eða nýbreytni.

Tómstunda-, íþrótt- og menningarnefnd getur ákveðið að gera tillögur til sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun þeirra stofnana sem tilheyra verksviði nefndarinnar.

Meginhlutverk nefndarinnar er stefnumótun á verksviði nefndarinnar, en í minna mæli afgreiðsla einstakra mála.

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi þessu, getur sveitarstjórn falið henni ýmis mál með erindisbréfum eða samþykktum.

### Starfshættir

Tómstunda-, íþrótt- og menningarnefnd kemur saman á fastákveðnum fundartíma minnst fimm sinnum á ári.



# STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDUKIRREGI

Nefndin skal halda fundargerðabók á tölvutæku formi eða í þar til gerða fundargerðabók *skv. 32. gr. Samþykktum um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar*.

Skrá skal einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær sem þau komu til, nöfn hlutaðeigenda, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Sveitarstjóri kemur fundargerðum til sveitarstjórnar sem tekur þær fyrir eins fljótt og unnt er. Fulltrúar nefndarinnar skulu upplýstir um afgreiðslu sveitarstjórnar á einstökum málum, í síðasta lagi á næsta fundi nefndarinnar, eða á annan sannanlegan máta.

Tómstundafulltrúi sér um boðun funda í samráði við formann nefndarinnar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent út í samræmi við *9. gr. Samþykktir um stjórn og fundarsköp í Strandabyggð*.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar *skv. 32. gr. Samþykktir um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar*. Ef meirihluti nefndarinnar mætir á fund telst fundurinn ályktunarhæfur. Í atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

## Framkvæmd

Til að fylgja eftir staðfestum samþykktum nefndarinnar skulu formaður og/eða aðrir fulltrúar Tímstunda-, íþrótt- og menningarnefndar snúa sér til sveitarstjórnar og/eða oddvita Strandabyggðar.

## Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í nefndinni gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og Samþykktir um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Ef um forföll er að ræða skal það tilkynnt á skrifstofu Strandabyggðar eigi síðar en kl. 12:00 boðaðan fundardag.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Nefndarfulltrúar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara *skv. eðli máls eða lögum*, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Um leið og fulltrúi tekur sæti í nefndinni undirritar hann þagnareið. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDUKITREGI

### Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem um starfsvið hennar gildir hverju sinni.

Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar eins og hún er hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.

### Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum ásamt Samþykkt um stjórn og fundarsköp Strandabyggðar.

*Erindisbréf var samþykkt af Sveitarstjórn Strandabyggðar þann 12.nóvember 2024.*